

LbHÍ - nýr háskóli á sviði náttúruvísinda tekur til starfa

Um áramótin tók til starfa nýr háskóli - Landbúnaðarháskóli Íslands. Sérsvið hans eru rannsóknir og kennsla á sviði landbúnaðar í víðasta skilningi, með sérstaka áherslu á Ísland og íslenskar aðstæður. Landbúnaðarháskóli Íslands varð til við sameiningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Garðyrkjuskóla ríkisins. Með sameiningunni myndaðist öflugur kjarni vísinda- og fræðimanna á sviði hagnýtra náttúruvísinda. Sérstaða Landbúnaðarháskóla Íslands meðal íslenskra háskóla verður einmitt sú að hlutdeild vísinda og fræðimanna við Landbúnaðarháskólann verður óvenju mikil miðað við stærð stofnunarinnar og rannsóknátturinn sterkur. Sú þekking sem þarf til að fást við þessi efni tekur til nytjajurta, búfjár og vistfræðilegra grunnþátta auk efnahagslegra og tæknilegra þátta.

Markmiðið með stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands er að sameina í eina stofnum rannsóknir og kennslu á sviði hagnýtrar náttúrufræði. Örar breytingar á landnotkun og búfjárhaldi hér á landi á síðustu árum og áratug kalla á mun víðtækari þekkingu á náttúru Íslands og nýtingu hennar en áður. Sem dæmi má nefna að stærri og fleiri svæði eru tekin til íbúðabyggingar, skógræktar, uppgræðslu, vega, virkjana og ekki síst ferðaþjónustu og nýjar áskoranir tengjast búfjárrækt og öðru dýrahaldi með áherslu á framfarir samhliða viðhaldi á erfðafræðilegum fjölbreytileika. Fyrir þennan vettvang hefur Landbúnaðarháskóli Íslands sérstöðu. Auk þess að stunda rannsóknir á þessum sviðum og bjóða fram háskólamenntun í hefðbundnum landbúnaði - búvísindum, þá býður skólinn fram námsbrautir á sviði umhverfisskipulags, skógræktar og almennrar landnýtingar, til BSc 90, BSc 120 og MS gráða og stefnt er að frekari fjölbreytni í námsmöguleikum innan tíðar t.a.m. námsbraut í almennum náttúruvísindum með áherslu á íslenskar aðstæður.

Við Landbúnaðarháskóla Íslands er einnig starfrækt starfs- og endurmenntunardeild. Frá upphafi skólahalda á Hvanneyri árið 1889 hefur menntun fyrir starfandi bændur verið mikilvægur þáttur í starfseminni. Garðyrkjuskóli ríkisins hefur sinnt menntun garðyrkjustéttarinnar frá árinu 1939. Með meiri sérhæfingu í hefðbundinni landbúnaðarframleiðslu og garðyrkju aukast kröfurnar sem gerðar eru til bænda og mikilvægara er að þeir afli sér þekkingar á sínu sérsviði. Starfs- og endurmenntunardeildin leggur áherslu á menntun sem stenst þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi stétta í dag. Boðið er upp á starfsnám í almennum landbúnaði, blómaskreytingum, garð- og skógarplöntuframleiðslu, skrudgarðyrkju, skógrækt, umhverfisfræði og ylrækt.

Aðalaðsetur Landbúnaðarháskóla Íslands er á Hvanneyri í Borgarfirði en skólinn er einnig með starfsemi á Reykjum í Ölfusi og á Keldnaholti í Reykjavík auk minni starfsstöðva um landið. Nánd skólans við höfuðborgarsvæðið gerir skólanum mögulegt að þjóna endurmenntun fyrir íbúa höfuðborgarinnar jafnt sem landsbyggðarinnar. Endurmenntun Landbúnaðarháskólans mun leitast við að bjóða fjölbreytt námskeið fyrir starfandi bændur og almennung. Í samræmi við markmið skólans verður áhersla lögð á endurmenntunarnámskeið á sviði ræktunar og meðferð lands og dýra, auk almennra náttúruvísinda og skipulagsfræða. Áhersla verður lögð á að bjóða námskeið sem koma til

móts við sérstök áhugasvið fólks s.s. garðrækt ýmiskonar og húsdýrahald í þéttbýli en vaxandi þörf er á slíkum námskeiðum.

Skólinn skiptist í tvær háskóladeildir, auðlindadeild og umhverfisdeild, og sérstaka starfs- og endurmenntunardeild. Deildarforseti auðlindadeildar er Áslaug Helgadóttir og deildarforseti umhverfisdeildar er Ólafur G. Arnalds. Sviðsstjóri kennslusviðs er Björn Þorsteinsson, forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar er Guðríður Helgadóttir og rekstrarstjóri Þorvaldur T. Jónsson. Rektor háskólans er Ágúst Sigurðsson.

Heildarfjöldi starfsmanna er um 130 en nær helmingur þeirra hefur rannsóknir að aðalstarfi og nemendur eru um 300.